

Ed. **594. Tillaga til rökstuddrar dagskrár** **[199. mál]**

í málinu: Frv. til l. um innflutning búfjár.

Frá Ásgeiri Bjarnasyni.

Þar sem innflutningur búfjár á liðnum áratugum og öldum hefur valdið þjóðinni stórkostlegu tjóni, sem enn þá getur verið yfirvofandi, meðan innfluttum búfjárjúkdómum hefur ekki verið útrýmt að fullu, þar sem aðalkjarni þessa frv., bygging sóttvarnarstöðvar, er spor aftur á bak frá því, sem nú gildir í lögum frá 1948 um slíka stöð, og þar sem ekki er um mikla hagnaðarvon að ræða af búfjárinnflutningi samanborið við áhættuna, telur deildin ekki, eins og sakir standa, tímabært að afgreiða þetta mál og tekur fyrir næsta mál á dagskrá.